

**537. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps
haldinn Strandgötu 38, 16. janúar 2019
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

Fundargerð ritaði: Bryndís Sigurðardóttir, sveitarstjóri

Dagskrá:

Oddviti bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega varamenn og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki.

1. Byggðakvóti 2018-2019 - 1810030

Tvær tillögur hafa borist um úthlutunarreglur byggðakvóta.

Tillaga E-lista er svohljóðandi:

Úthlutunarreglur Tálknafjarðarhrepps á byggðakvóta 2018-2019
Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir það að tillögu sinni við úthlutun byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps fiskveiðiárið 2018-2019 að fallið verði frá vinnsluskyldu þess afla sem landað er sem byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn ásamt mótframlagi. Þar sem engin fiskvinnsla er rekin í Tálknafjarðarhreppi er heildarhagsmunum sveitarfélagsins talið betur borgið með því að falla frá vinnsluskyldu afla. Sveitarstjórn lítur svo á að fleiri fjölskyldur njóti góðs af byggðakvótanum eftir því sem fleiri fái tækifæri til að veiða hann. Með því móti verða einnig til fleiri afleidd störf í samfélaginu sem styrkir byggð í Tálknafjarðarhreppi enn frekar. Sveitarstjórn telur mikilvægt að vernda þau störf sem fyrir eru á Tálknafirði ásamt því að auka möguleika á fjölgun starfa, hvort heldur beinna eða afleiddra starfa í kringum útgerð og þjónustu við hana.

Í samræmi við 2. gr. reglugerðar 685/2018 óskar sveitarstjórn eftir breytingu á 4. grein og hún verði sem hér segir:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að:

1. 30% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, af byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps skal skipt jafnt á þá báta sem hafa landað sínum afla fiskveiðiárið 2017-2018 í Tálknafirði og

*hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla 1. gr. reglugerðarinnar.
2. 70% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, af byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í Tálknafjarðarhöfn á fiskveiðiarinu 2017-2018. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur þess niður og skiptist hann milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum. Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til eftirfarandi breytingu á 6. gr. reglugerðar 685/2018:*

Vinnsluskylda samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 verði felld niður.

Óskað er eftir að viðbótarreglur verði settar til að auðvelda nýliðun í sjávarútvegi og til að efla atvinnulíf í Tálknafirði. Óskað er eftir niðurfellingu á vinnsluskyldu þar sem engin fiskvinnsla er starfandi í Tálknafjarðarhreppi. Engu að síður er skýrt að löndun aflans er bundin við Tálknafjarðarhöfn.

Tillagan er felld með þremur atkvæðum GÓJ, IJN og NRH, JÓH greiddi atkvæði með tillögunni en BSH situr hjá.

Þá er tekin fyrir tillaga lista óháðra.

Úthlutunarreglur Tálknafjarðarhrepps á byggðakvóta 2018/2019

1 RÖKSTUÐNINGUR.

Fallið verði frá vinnsluskyldu afla skv. úthlutuðum byggðakvóta, að því gefnu að allir útgerðaraðilar, sem fá úthlutaðan byggðakvóta, fallist á að greiða kr. 20.00 af hverju þorskíló, sem landað er af úthlutuðum byggðakvóta. Þessir peningar fari í sérstakan sjóð, sem hugsaður er til uppbyggingar dvalarheimilis á Tálknafirði. Sveitarstjórn telur að með því að byggja upp dvalarheimili á staðnum sé stuðlað að því að fólk sem ekki getur lengur haldið heimili þurfi ekki að flytja burt úr sveitarfélaginu, annaðhvort til Reykjavíkur eða á sjúkrahúsið á Patreksfirði, sem er eina úrræðið á svæðinu. Ennfremur er augljóst að með þessu skapast fjölmörg störf sem gæti þýtt fjölgun í sveitarfélaginu. Með þessu telur sveitarstjórn að byggðakvótinn komi að notum fyrir alla íbúa, þ.e.a.s. samfélagið í heild.

Sömuleiðis leggur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps til að handhöfum byggðakvóta sé gert skylt að landa honum í Tálknafjarðarhöfn og að hluti byggðakvótans sé skipt jafn milli allra báta en það er minni bátum til hagsbóta.

2 ÓSKIR TÁLKNAFJARÐARHREPPS UM BREYTINGAR

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til eftirfarandi þrjár breytingar á úthlutunarreglum til byggðakvóta fyrir fiskveiðiaríð 2018/2019

2.1 SKIPTING BYGGÐAKVÓTANS

Í samræmi við 2.gr.reglugerðar 685/2018 óskar sveitarstjórn eftir breytingu á 4. grein og hún verði sem hér segir:

Skipting þess aflamarks sem nú kemur í hlut byggðalagsins, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir

úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkv. 2.-3. gr., eftir því sem við á þannig:

1. 30% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt á þá báta sem hafa landað afla sínum fiskveiðiárið 2017-2018 í Tálknafirði og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla 1.gr.reglugerðarinnar.
2. 70% af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks, sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu á fiskveiðiárinu 2017-2018.

2.2 SKILYRÐI FYRIR AFNÁMI VINNSLUSKYLDU.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til eftirfarandi breytingu á 6.gr. reglugerðar 685/2018:

Vinnsluskylda skv. 6. gr. reglugerðar nr. 685/2018 verði felld niður gegn því að allir útgerðaraðilar fallist á að borga kr.20.00 af hverju þorskkíló sem landað er af úthlutuðum byggðarkvóta til að byggja upp dvalarheimili í Tálknafirði sem komi að notum fyrir alla íbúa þ.e.a.s. samfélagið í heild. Náist ekki samkomulag um þessa leið verður ekki fallið frá vinnsluskyldu.

2.3 LÖNDUNARSKYLDA Í TÁLKNAFJARÐARHÖFN

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps leggur til að ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu, á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Björgvin Smári Haraldsson
Guðni Jóhann Ólafsson
Nancy Rut Helgadóttir
Ingibjörg Jóna Nóadóttir

Tillaga lista óháðra er samþykkt með fjórum atkvæðum, gegn einu atkvæði JÖH

JÖH leggur fram eftirfarandi bókun:

E-listinn mótmælir harðlega þeirri afstöðu meirihluta sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps að tengja framlög til dvalarheimilis við afnám vinnsluskyldu á byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps. Slík tenging þýðir auknar álögur á útgerðir sem nú þegar eru að greiða háar upphæðir í auðlindagjöld til ríkisins. Þeir aðilar sem vilja ekki gangast undir slíka afarkosti eru þannig útilokaðir frá umsóknum um byggðakvóta. E-listinn telur einnig að slík tenging við óskylda atvinnugrein sé með öllu óheimil samkvæmt lögum.

Vinnsluskylda á afla sem veiddur er sem byggðakvóti útilokar þessa aðila einnig frá því að sækja um byggðakvóta þar sem þeir vilja ekki sæta þvinguðum viðskiptum við aðila í öðru sveitarfélagi með afla sem veiddur er undir merkjum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps. Með þessari ráðstöfun er ljóst að kjörnir fulltrúar í meirihluta sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps vinna leynt og ljóst gegn þeim aðilum sem stunda hér útgerð og eru ekki tilbúnir að undirgangast afarkosti meirihlutans, afarkosti sem gætu stuðlað að enn frekari fækkun starfa í sveitarfélaginu og samdrætti í tekjum þess. Þessi afstaða meirihlutans lýsir algjöru skilningsleysi á mikilvægi byggðakvóta fyrir afkomu minni útgerða í sveitarfélaginu og setur alla þjónustu við útgerðir í

Tálknaffjarðarhöfn í uppnám. E-listinn lýsir yfir alvarlegum áhyggjum af atvinnumálum í sveitarfélaginu þegar svona er staðið að úthlutun þeirra takmörkuðu tækifæra sem þó standa Tálknaffjarðarhreppi til boða af hálfu ríkisins.

2. Gjaldskrá 2019 Heimaþjónusta - 1901199

Samþykkt samhljóða

3. Gjaldskrá 2019 Þjónustumiðstöð - 1901198

Samþykkt samhljóða

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:33.

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Nancy Rut Helgadóttir
(NRH)

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Bryndís Sigurðardóttir (BS)